

Nd.

51. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kauptúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðgangur er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðgangur ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

3. gr.

Orðin »er njóta opinbers styrks« í b-lið 1. flokks falli burt.

Orðin »og sjónleikar, er ekki teljast til 1. flokks«, í d-lið 2. flokks falli burt.

4. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina, ásamt gestum þeirra.

5. gr.

Niðurlag 8. gr. laganna, frá orðunum »fyrirmæli snerta«, orðist svo: Kaupstaði og kauptún, sem hafa 500 íbúa eða fleiri.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1927.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var samþykkt í neðri deild í fyrra, en varð ekki afgreitt frá efri deild. Þykir því rjett að bera það fram nú á ný.

Tilgangur frumvarpsins er að auka tekjurnar af skemtanaskattinum og flýta þannig fyrir því, að þjóðleikhús komist upp. Þessu á að ná með því fyrst og fremst að láta löginn ná til fleiri kaптúna en nú gera þau. Það er að vísu álitamál, hve langt á að ganga í því efni, en augljóst, að ekki tekur því að leggja skattinn á kaптún, sem hafa færri íbúa en 500. Þá er ennfremur lagt til, að skatturinn verði lagður á dansskemtanir, sem áður hafa verið skattfrjálsar.

Breyting sú, sem felst í 3. gr. frv., er þó annars eðlis. Í fljótu bragði mætti jafnvel ætla, að hún yrði til þess að rýra tekjurnar af skemtanaskattinum, þar sem hún fer í þá átt að flýttja alla sjónleika undir lægra skattflokkinn, en nú ber að greiða hærra skattinn, 20%, af sjónleikum, sem ekki njóta opinbers styrks. En reynslan virðist hafa sýnt það, að þessi hærri skattur af sjónleikum verði aðeins til þess, að slíkar leiksýningar leggist niður, svo að tekjurnar af þeim verða engar. Virðist því þegar af þeirri ástæðu rjettara að lækka skattinn, auk þess sem það að sjálfsgöðu er ekki tilgangur laganna að hindra það, að sjónleikum sje haldið uppi í kaптúnum landsins.